

41. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn fimmtudaginn 10. febrúar 2022 kl. 14:30 í fjarfundi á Teams.

Viðstaddir:

Björk Guðjónsdóttir, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands
Fríða Stefánsdóttir, stjórnarformaður og fulltrúi Suðurnesjabæjar
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
Nanna Kristjana Traustadóttir, fulltrúi Keilis
Þorvaldur Örn Árnason, varafulltrúi SSS.

Guðmundur Grétar Karlsson hafði boðað forföll á fundinn og mætti Þorvaldur Örn Árnason í hans stað.

Dagskrá fundarins:

1. Síðustu fundir og uppákomur

Forstöðumaður sagði frá síðustu fundum og uppákomum. Tveir hópar komu í heimsókn nýverið, annar á vegum velferðarsviðs Reykjanesbæjar en hinn frá Tækniskólanum. Matsvinna fyrir INTERACT er í gangi en hún felur m.a. í sér fjóra fjarfundi þar sem farið er yfir þær styrkumsóknir sem bárust, þær voru 104 talsins að þessu sinni. Fundur hjá Samtökum þekkingarsetra var haldinn í byrjun febrúar og fundað var með fulltrúum GeoCamp um áframhaldandi samstarf. Stefnt er að því að vísindaferð líffræðinema verði haldin föstudaginn 18. mars en henni hefur verið frestað endurtekið vegna Covid.

2. Kynning á starfsáætlun og rekstraráætlun 2022

Forstöðumaður fór yfir það helsta í starfs- og rekstraráætlunum ársins, en þær voru sendar Menntamálaráðuneyti í janúar síðastliðnum.

3. Ársfundur Samtaka þekkingarsetra

Næsti ársfundur Samtaka þekkingarsetra (SPS) verður haldinn í Þekkingarsetri Suðurnesja í lok apríl eða byrjun maí. Dagskrá fundarins skýrist þegar nær dregur.

4. Starfsmannamál

Forstöðumaður hefur óskað eftir að lækka starfshlutfall sitt niður í 70% og var það samþykkt af stjórn. Lagði hann til að ráðinn yrði verkefnisstjóri fræðslu og miðlunar, í tilraunaskyni til eins árs. Stjórn samþykkti það og verður staðan auglýst á næstu vikum.

5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Ákveðið að næsti fundur stjórnar verði miðvikudaginn 20. apríl kl. 14:30

Fundi var slitið kl. 15:40.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Björk Guðjónsdóttir - Sign

Halldór Pálmar Halldórsson - Sign

Fríða Stefánsdóttir - Sign

Nanna Kristjana Traustadóttir - Sign

Þorvaldur Örn Árnason - Sign

Hanna María Kristjánsdóttir - Sign